



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um mátt lögfræðinnar. **13**



MENNING Sumarliði R. Ísleifsson fjallar um ímynd Íslands og Grænlands fyrir á öldum. **18**



LÍFID Auglýsingastef fékk svo mikla athygli að gert var fullklárað lag úr því. **26**



TÍMAMÓT Hörpuleikarinn Monika Abendroth gaf UNICEF 250 þúsund krónur. **14**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. júní 2014
145. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Staðin að verki við spellvirki

Landvörður á Teigarhorni stóð erlenda ferðamenn að verki við að brjóta þar niður einstakar jarðmyndanir. **4**

Greftrunarhættir flýta smiti Gunnhildur Árnadóttir, starfsmaður Lækna án landamæra, var á ebóluslódum í Gíneu í mánuð og er á leið í sama slag í Síerra Leóne. **2**

Hertogabani heiðraður Um næstu helgi verða liðin hundrað ár frá því að Gavrilo Princip myrti Franz Ferdinand erkihertoga í Sarajevó. Morðið hratt af stað fyrri heimsstyrjöldinni. **6**

Vinnusálfræðingar kallaðir til Sálfræðifyrirtækið Líf og Sál vinnur nú að greiningu vinnuskilyrða á einni deilda öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri. **8**

Kæra hæstaréttardómara fyrir brot í opinberu starfi

Dótturfyrirtæki Samherja hefur lagt fram kæru á hendur Ingvaldi Einarsdóttur hæstaréttardómara fyrir brot á almennum hegningarlögum. Hún er kærð fyrir vanrækslu í starfi við veitingu úrskurðar um húsleit.

LÖGREGLUMÁL Dótturfyrirtæki Samherja leggur í dag fram kæru til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur Ingvaldi Einarsdóttur hæstaréttardómara fyrir brot í opinberu starfi.

Ingvaldur er settur hæstaréttardómari en var áður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Kæran lýtur að meintum brotum Ingvaldar í mars 2012 þegar hún sem héraðsdómari veitti Seðlabanka Íslands heimild til húsleitar og haldlagningar hjá Samherja og nokkrum fyrirtækjum í tengslum við rannsókn bankans á meintum brotum á gjaldeyrislögum.

Ingvaldur er kærð fyrir brot á hegningarlögum en þar segir meðal annars í 131. grein að ef dómari sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins framkvæmir ólöglega leit eða leggur að öllum hald á skjöl eða aðra muni varði það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Í kærinni er dómari sagður hafa brotið gegn þessu ákvæði með því að vanrækja að kanna hvort Seðlabankinn yfir höfuð hefði lagaheimild til að ráðast í húsleit, en fyrirtækið telur svo ekki vera. Þá hafi engar upplýsingar, rökstuðningur eða gögn legið fyrir í beiðnum um dótturfyrirtækið sem stendur

ad kærinni eða ætluð brot þess. Að auki telur fyrirtækið að dómari hafi brotið gegn sakamálaögum með því að hafa ekki varðveitt nein fylgiskjöl eða gögn sem lögð voru fram við fyrirtöku málsins. Héraðsdómur sendi Samherja yfirlýsingu í desember þar sem staðfest er að slík gögn eru ekki varðveitt hjá dómstólum. Slíkt er hins vegar áskilið í lögum um meðferð sakamála, þar sem segir að þau skuli varðveitt í skjallasafni dómstóls þar til þau verði afhent Þjóðskjalasafni.

Þannig hafi fyrirtækinu reynt útilokað að ganga úr skugga um hvernig málalíbúnaður Seðlabank-

→ Brot gegn 131. grein hegningarlaga varðar sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

ans hafi í raun legið fyrir héraðsdómi við uppkvaðningu úrskurðanna um húsleit og haldlagningu.

Í kærinni kemur einnig fram að annar dómari, Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur og bróðir Ingvaldar, hafi einnig brotið gegn sömu ákvæðum, en lagt er í hendur lögreglu að meta hvort sú háttsema hans varði við almenn hegningarlög.

- a6



Bolungarvík	11°	SA	3
Akureyri	14°	SA	2
Egilsstaðir	13°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	12°	SA	5
Reykjavík	15°	SA	7

Bjartviðri á mest öllu landinu fram eftir degi og hiti yfirleitt 12-20 stig, hlýjast N-lands. Hæg SA-læg átt víðast hvar en hvasast SV-lands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Sumarbústaður | Fólk



ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Björgunarsveitarmenn tölðu þörf á að leita betur í Bleiksárgljúfri í gær. Leit að Ástu Stefánsdóttur, sem saknað hefur verið síðan um hvítasunu, hefur nú staðið í um tvær vikur.

Ekki talið forsvaranlegt að senda leitarmenn niður á botn Bleiksárgljúfurs: Tölðu þörf á að leita enn betur

SLYS „Við dreifum fólk á brúnirnar og látum það horfa niður í gljúfrið. Við þorum ekki að senda neinn niður á gljúfurbotninn af ótta við að stíflurnar bresti,“ sagði Guðbrandur Örn Arnarson, stjórnandi leitaráðgerða í Bleiksárgljúfri í Fljótshlíð, í gær.

Um sjötíu björgunarsveitarmenn tóku þátt í leit að Ástu Stefánsdóttur

í gær þegar mest var en þeim var fækkað niður í um fimmtíu í gærkvöldi.

Rörum og dælubúnaði var komið upp til að draga úr vatnsrennsli og gilið, sem er nokkuð rökkvað, var lýst upp með ljósabúnaði.

Guðbrandur segir að aðstæður í gljúfrinu séu bæði erfiðar og hættulegar. Fossinn í gljúfrinu þar sem

leitað er er um 30 metra hár. „Það hefur verið leitað á þessum stað en við töldum að vegna slæms skyggis í gilinu og vatninu sem þar rennur væri þörf á að leita svæðið betur. Verkefni gærdagsins var að gera svæðið öruggt svo lífi björgunarsveitarmanna væri ekki stefnt í tvísýnu,“ segir Guðbrandur Örn.

- jme / sjá bls. 8

Söguleg helgi í frjálsum: Upp um deild í fyrsta sinn

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Íslenska landsliðið í frjálsum íþróttum komst upp um deild í Evrópukeppni landsliða í fyrsta sinn þegar liðið endaði í 2. sæti í þriðju deild keppinnar í Tíblisi í Georgíu um helgina.

„Það var mikill hiti, mikið drama og mikil gleði. Við fengum bara allan pakkann og keppni eins og hún gerist best. Ég hef aldrei séð svona grimmd í einu liði og ég er ótrúlega stolt af þeim,“ sagði Þórey Edda Elísdóttir, verkefnisstjóri FRÍ og einn af þjálfurum íslenska landsliðsins. Hafdís Sigurðardóttir var í miklum ham í hitanum um helgina en hún bætti meðal annars sitt eigið Íslandsmet þegar hún tryggði sér sigur í langstökkinu.

- óó / Sjá Íþróttir bls. 22



HAFDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

benecos
nættúrnleg fegurð

Frábærar lífrænar vörur á einstöku verði.

2.135 kr.

LYFJA

SPURNING DAGSINS



Lilja, setur þú upp Grímuna núna?

„Nei, nú verður grínið alveg grímu-laust og ég hamast við næsta leikrit í von um að það renni á mig tvær grímur á næsta ári.“

Lilja Sigurðardóttir fékk Grímuna fyrir frumraun sína í leikritasmíð, Stóru börnin, á dögnum en það var valið leikrit ársins.

Aðgengi fyrir hjólastóla, barnavagna og göngugrindur er sagt vanta:

Loforð um stíga byggt á sandi

UMHVERFISMÁL Ófært er fyrir hjólastóla, barnavagna og fólk sem notast við göngugrindur á nýjum „gangstéttum“ sem lagðar voru í Varmahlíð í Skagafirði fyrr í mánuðinum. Sandur var notaður í verkið.

Indriði Þór Einarsson, sviðstjóri framkvæmdasviðs í Skagafirði, segir fjármagn vanta til að klára verkið. „Þetta verður vonandi ekki svona lengi. Þetta varð kostnaðarsamara en við gerðum ráð fyrir.“

Framkvæmdirnar sem um ræðir eru meðal annars neðan við Menn-

ingarhúsið Miðgarð og við leikskólann. „Það voru ekki göngustígar þarna fyrir svo nú er þetta orðið klárt fyrir yfirlag,“ segir Indriði. Stefnan sé að reyna að setja eitthvað meira á þetta.

Íbúar eru óánægðir með frágang stíganna. Sandurinn er um tíu sentímetra djúpur og ekki auðvelt að ganga í honum. Kolbeinn Konráðsson, íbúi í Varmahlíð, segir að á fundi fyrir sveitarstjórnarkosningar hafi oddviti Framsóknar lofaði malbikuðum stéttum.



FRÁGANGURINN Nýja „stéttin“ við Furulundarhverfið sem stendur við leikskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/KOLBEINN KONRÁÐSSON

Björguðu lærbrotnum manni:

Tvær sveitir kallaðar út

SLYS Björgunarsveitirnar Núpur á Kópaskeri og Stefán í Mývatnsveit voru kallaðar út skömmu eftir hádegi í gær til að hjálpa erlendum ferðamanni sem hafði lærbrotnað á gönguleiðinni frá Hólsfjallavegi að Selfossi sunnan við Dettifoss.

Björgunarsveitarmenn bjuggu um manninn og komu honum í sjúkrahús sem beið á bílastæðinu við Dettifoss. Óttast var að bera þyrfti manninn lengri leið en til þess kom ekki.



Á FUNDI John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ræðir við Abdel Fattah el-Sissi, forseta Egyptalands, í forsetahöllinni í Kaíró í Egyptalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kerry varar við stuðningi við súnímúslima í Írak:

Komið að vendipunkti í Írak

EGYPTALAND, AP Arabalönd ættu ekki að veita súnímúslimum fjárstuðning í átökum sem eru að breytast í landamærastríð milli Írak og Sírylands, að sögn Johns Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Slíkur stuðningur gæti á endanum ýtt undir vaxandi uppreisnarathæfi í Írak.

Kerry segir að Miðausturlöndum öllum og jafnvel fleirum standi nú ógn af íslamska Írak og ástandinu í austanverðum Miðausturlöndum. „Við erum á vendipunkti,“ sagði Kerry í gær, eftir fund sinn með forseta Egyptalands Abdel-Fattah el-Sissi.

Evrópumeistaramót í bridds: Briddslandsliðið á Evrópumóti

BRIDDS Evrópumeistaramótið í bridds er haldið í Króatíu. Stendur það til 1. júlí næstkomandi og 38 þjóðir taka þátt á mótinu.

Íslensku keppendurnir hafa æft vel í vetur og tóku nýlega þátt í sex þjóða móti í Lettlandi.

Í fyrstu umferð tapaði íslenska sveitin gegn firnasterkri franskri sveit 20-0 en kom til baka og sigraði Íra 15-5 þann sama dag. Landslið Íslands í bridds skipa eftirtalin þör: Aðalsteinn Jörgensen og Bjarni Einarsson; Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson; Magnús Magnússon og Þröstur Ingimarsson. Fyrirlíði landsliðsins er Sveinn Rúnar Eiríksson.

Látnir lausir úr haldi lögreglu: Sæta farbanni fram á haust

LÖGREGLUMÁL Feðgar sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna gruns um hafa orðið Tomasz Krzeczowski, á Hvammstanga, að bana fyrir rúmri viku hafa verið látnir lausir úr gæsluvarðhaldi.

Mennirnir sæta farbanni þangað til í september. Þeir hafa í yfirheyrslum neitað að hafa veitt Tomasz áverka þá sem leiddu hann til dauða.

Að sögn lögreglunnar á Akureyri er það talin hugsanlegur möguleiki að lát Tomasz megi rekja til slyss. Rannsókn málsins beinist nú að því.

Ebóluveiran breiðist út með jarðarförum

Gunnhildur Árnadóttir, starfsmaður Lækna án landamæra, starfaði á vettvangi ebóluveiru í Gíneu. Ástandið á svæðinu er afar slæmt og erfitt að ná tökum á því. Siðir við útfarir eru taldir mesti útbreiðsluvaldur sjúkdómsins í sveitum Gíneu.

VANTARSLÖGG Ebólufaraldurinn í Gíneu virðist enn vera að breiðast út. Erfitt hefur reynst að stemma stígu við faraldrinum og aldrei hefur jafn erfiðlega gengið að eiga við sjúkdóminn en nú. Gunnhildur Árnadóttir, starfsmaður Lækna án landamæra, var í Gíneu í mánuð við að reyna að ná tökum á ástandinu. Hún mun fara utan til Sierra Leóne í næstu viku af sömu ástæðum.

„Ebólan breiðist hratt út, flest tilfelli hafa verið í Gíneu og næstflest í Sierra Leóne. Síðan hefur sjúkdómsins orðið vart í Líberíu, meira að segja í höfuðborginni Monróvíu,“ segir Gunnhildur.

„Við höldum á einum tímupunkti að við værum að ná tökum á ástandinu, því tilfellið fór fækkandi á þeim sjúkrahúsum sem við vorum á. Síðan sáu við ný tilfelli skjóta upp kollinum á öðrum svæðum, sem er óalgengt þegar ebóla er annars vegar.“

Ebólufaraldur hafa látið á sér kræla nokkrum sinnum á síðustu árum en útbreiðsla sjúkdómsins nú er með öðrum hætti. „Þetta er í fyrsta skipti sem ebólufaraldur hefur blossað upp á svona mörgum svæðum í einu og aldrei hefur gengið jafn illa að stemma stígu við útbreiðslu sjúkdómsins.“

Gunnhildur segir menningu Gíneubúa ekki hjálpa til við að ná tökum á þessu ástandi. „Í menningu Gíneubúa eru siðvenjur þær að þegar fólk fer í jarðarför þá vilja allir þvo líkið, snerta það og vilja vera með í þeirri athöfn. Sjúklingurinn deyr þegar veirufjöldinn er hvað mestur í líkamanum og þess vegna er lík sjúklings mest smitandi



GUNNHILDUR ÁRNADÓTTIR Til þess að draga úr smithættu þurfa lækna að vera í öflugum hlífðarfatnaði. Hér að ofan má sjá Gunnhildi á vettvangi í Gíneu, í slíkum galla og án hans. MYND/GUNNHILDUR ÁRNADÓTTIR

stuttu eftir andlát hans. Það veldur því að útbreiðsla ebólu hefur verið mikil í tengslum við jarðarförir. Erfitt er að eiga við þessa siði enda fastmótaðir í menningu íbúa.“

Gunnhildur segir að uppfærðsla íbúa sé það eina sem gæti skilað árangri. „Menntunarstigið í Gíneu er lágt og þekking á sjúkdómum og smitvörnum er í lágmarki. Dánartíðni þeirra sem smituðust í Gíneu á meðan ég var stödd þar var 50 til 90 prósent. Dánartíðnin var hærrí í sveitum landsins en lægri í höfuðborginni Kónakrí.“ Hún segir að auðveldara hafi verið að ná til fólks í höfuðborginni með útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum en úti á



LÆKNASTÖÐ Svona er um að líta hjá Læknum án landamæra í Donka í Gíneu. MYND/LÆKNAR ÁN LANDAMÆRA

landsbyggðinni. „Einnig er aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu mun betra í borg en í sveitum Gíneu.“

svainn@frettabladid.is

Vegagerðin segir flestar leiðir enn þá vera lokaðar á hálandinu:

Margir hálandisvegir enn lokaðir

FERDAPJÓNUSTA Hálandisvegum á Íslandi er mörgum hverjum enn haldið lokaðum vegna bleytu í jarðvegi. Vegagerðin gefur næstum daglega út kort þar sem skyggð eru svæði þar sem allur akstur er bannaður. Þar kemur fram að akstur sé bannaður til að komast hjá vegaskemmdum vegna aurbleytu.

Mikill snjór eða bleyta er enn á hálandinu sem gerir það að verkum að vegir geta verið afar votir. Gætu þeir af þeim sökum orðið fyrir miklu tjóni af bílaumferð í þannig tíðarfari. Einnig eru sumum vegum í friðlandi lokað þó að vegir geti tekið við umferð. Þá er það oft svo að friðlýstu svæðin gætu skemmt vegna ágangs ferðamanna.

Bannsvæði Vegagerðarinnar nær yfir nær allt miðhálandi landsins, frá Mýrdalsjökli í suðri, að Vatnajökli í austri, og nær yfir allt hálandið norðan Vatnajökuls. Einnig eru Eyvindarstaðaheiði og Arnarvatnsheiði nánast algjörlega lokaðar. Kjalvegur hefur þó verið opnaður, auk Veidivatnaleiðar (F228), Jökulheimaleiðar (F229) og Landmannaheiðar (F225).

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hafa þessar lokanir í lengst sums staðar fram eftir öllu sumri. Sumar leiðir hefur verið mögulegt að opna í



HERÐUBREIÐARLINDIR Vegurinn að Herðubreiðarlindum verður líklega opnaður í byrjun júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lok júlí, aðrar mun fyrr. Á vef Vegagerðarinnar er að finna allar upplýsingar um hálandislokanir og afléttingu þeirra þegar líður á sumarið.

- 5a

ÓTRÚLEGT TILBOÐ



UNITED United TAB 1023

HAGSTÆÐASTA 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Í SÖGU TÖLVULISTANS!

SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ 14.990
FULLT VERÐ 19.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

Áttu tóman Nicorette eða Nicovel pakka?

Komdu með hann í næsta apótek og þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 24 stk. pakka!



1. Það sem þú þarft að gera:
Koma með tóman Nicorette eða Nicovel pakka í næsta apótek.

2. Það sem þú færð í staðinn:
Þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 2 mg eða 4 mg 24 stk pakka.



Skilyrði:

- Hægt er að koma með tóma Nicorette og Nicovel pakka í öll apótek.
- Hægt er að skila inn öllum tegundum, styrkleikum og pakkningastærðum af Nicorette og Nicovel til að fá afsláttinn. Pakki á móti pakka.
- Pakkinn sem er skilað má ekki vera útrunninn. Ath. dagsetning á pakkningu.
- Aðeins einstaklingar 18 ára og eldri geta tekið þátt.
- Afslátturinn gildir aðeins fyrir Nicotinell Spearmint og aðeins fyrir 24 stk pakkningu, bæði 2 mg og 4 mg pakka.
- Gildir ekki í almennum verslunum. Gildir 1.-30. júní 2014

Nicotinell®

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn er lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmí fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggigúmmí þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur auknið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafæðing þvi ekki er vist að þú megir nota lyfið ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sjúksýki, óvirkinn skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/éða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bütýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýsingar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

SVONA ERUM VIÐ



14 skákmeistarar íslenskir hafa náð þeim áfanga að tryggja sér stórmeistaratitil.

Núverandi Íslandsmeistari, Guðmundur Kjartansson, verður sá fimmtándi, ef að líkum lætur.

Friðrik Ólafsson var fyrstur til að ná stórmeistaratign.

Strætisvagn númer tvö keyrir ekki í sumar

AKUREYRI Strætóleið númer tvö fellur niður á Akureyri í sumar, eða til 31. ágúst. Ástæða þess að leiðin fellur niður er sú að ekki tókst að manna afleysingar í röðum vagnstjóra Strætisvagna Akureyrar í sumar.

Stefán Þór Baldursson, forstöðumaður Strætisvagna Akureyrar, segir að ítrekað hafi verið reynt að auglýsa eftir vagnstjórum í afleysingar í sumar en án árangurs.

„Við margauglýstum eftir starfsmönnum í sumar en það gekk ekki

neitt, því miður. Eins og gefur að skilja vantar mig mannskap með rútuþróf. Þeir einstaklingar eru vandfundnir í dag,“ segir Stefán.

Aðalástæðuna fyrir manneklunni telur Stefán vera tvíþætta, annars vegar hversu dýrt námið sé orðið og hins vegar að samkeppnin um rútu-bílstjóra að sumarlagi verður sífellt harðari.

„Rútuþrófið og meiraprófið í dag er orðið svo ofboðslega dýrt að menn fást ekki til að fara í þetta nám, þetta er eiginlega orðið tóm

vitleysa og maður skilur ekki hvað liggur að baki verðlagningunni. Einnig er samkeppnin við ferðaþjónustufyrirtækin orðin þannig að menn fara frekar til starfa hjá þeim en okkur. Yfir sumartím-ann þegar skemmtiferðaskip-in koma inn er mikið að gera í þeim geira

og virðist bara vaxa og vaxa. Rútu-bílstjórar sækjast frekar í þá vinnu en hjá okkur, kannski vegna þess að launin eru betri þar en hjá okkur,“ segir Stefán Þór.



STRÆTISVAGN Tvísturinn fer ekki ferðir sínar í sumar vegna manneklu.



GRIPNIR Interpol birti þessar myndir af flóttamönnum, Yves Denis (35 ára), Serge Pomerleau (49) og Denis Lefebvre (53).

Notuðu þyrlu við flóttann:

Strokufangar gripnir á ný

KANADA, AP Héraðslögregla í Quebec í Kanada segir að fangaðir hafi verið þrír menn sem með aðstoð þyrlu struku úr fangelsi í Quebecborg fyrr í þessum mánuði.

Að sögn lögreglu voru mennirnir handteknir í íbúð í Montreal um hálftrú í gærðag og að frekari handtökur líklegar. Ekki hefur verið greint frá því hvað leiðdi til að mennirnir fundust en þeirra hefur verið leitað frá því að þyrla sótti þá á útivistarsvæði Orsainville-fangelsisins 7. þessa mánaðar. Þeir biðu allir réttarhalda vegna mála mengdra manndrápum og skipulagðri glæpastarfsemi.

HEILBRIGÐISMÁL

Munntóbak kælir hendur

Peir sem voru með munntóbak í munnum þegar teknar voru myndir af höndum þeirra með hitamyndavél reyndust vera með þremur til átta gráðum kaldari hendur en aðrir. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Tromsø í Noregi. Ástæðan er sögð að nikótín hægi á blóðflæði um hendurnar.

LEIÐRÉTT

Fyrir mistök var í viðburðayfirliti á menningarsíðu Fréttablaðsins um helgina birt mynd af Jóni Ólafssyni, athafnamanni og vatnsbónda, þar sem hefði átt að vera mynd af Jóni Ólafssyni tónlistarmanni. Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar á mistöknum.



JÓN ÓLAFSSON tónlistarmaður.

Fjölskylda staðin að verki við spellvirki á Teigarhorni

Landvörður á Teigarhorni stóð erlenda ferðamenn að verki við að brjóta niður einstakar jarðmyndanir. Sögðust ekki vita af friðun en reyndu að fela ummerki. Undirstrikar mikilvægi landvörslu á friðlýstum svæðum.

UMHVERFISMÁL Erlendir ferðamenn voru staðnir að verki við að brjóta niður einstakar jarðmyndanir á Teigarhorni við Berufjörð í liðinni viku. Teigarhorn er fólkvangur og friðlýst svæði sem einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heimi.

Brynja Davíðsdóttir, landvörður á Teigarhorni, stóð fólkið að verki, en um var að ræða hjón á miðjum aldri ásamt tíu til tólf ára syni þeirra. Fjölskyldan var vel búin verkfærum. Hafði bæði með í för hamra og meitla, töskur og efnablöndur til tegundagreiningar á steinum.

Brynja segist hafa gengið niður í fjöruna þar sem henni fannst fjölskyldan hafa dvalið þar óvenju lengi. Þegar nær dró gekk hún hins vegar einfaldlega á hljóði þar sem hamarshögginn heyrðust greinilega.

„Maðurinn fór undan í flæmingi og reyndi að tæma úr töskunni og fela ummerki. Sonur þeirra var að brjóta þegar ég kom að og var með fulla töskuna. Þau þóttust samt ekki vita að svæðið væri verndað, og báru fyrir sig að þeirra gjörðir skiptu ekki máli þar sem af nógu væri að taka,“ segir Brynja.

Hjónin voru ekki kærð til lögreglu að sögn Brynju og var sú ákvörðun tekin vegna þess að merkingum á svæðinu er ábótavant. Hins vegar varð þetta tiltekna atvik til þess að skýrar verkreglur um hafa verið settar á Teigarhorni um að brot af þessu tagi, eða sterkur grunur þar, verði framvegis kærð til lögreglu. Við brotum sem þessum liggja refsíákvæði laga um nátt-



Brynja Davíðsdóttir, landvörður á Teigarhorni.

úruvernd, enda til þeirra vísað í friðlýsingarskilmálum. Um getur verið að ræða háar sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

Brynja segir að Teigarhorn sé lifandi safn á jörð í eigu fólksins í landinu, og því mikil synd að svona sé gengið um. „Það stendur til að útbúa fræðiefni sem býður fólk velkomið og ýtir um leið undir skilning og virðingu fyrir því að horfa en ekki snerta, það er forsenda þess að miðstöð geislasteina sem þessi, með sýnilegum eintökum í berglögnum, geti verið gestum opin í framtíðinni.“



TEIGARHORN Jörðin er í ríkiseigu og er friðlýst svæði og fólkvangur.

Eftirsóttir geislasteinar um allan heim


■ Á Teigarhorni hefur fundist fjöldinn allur af safneintökum geislasteina, einkar stór og falleg. Þau má finna á öllum stærstu og virtustu náttúrugripasöfnum heims, og eru metin á stórfé af steinasöfnum.

■ Ekki stóð til að landvörður starfaði á Teigarhorni í sumar vegna niðurskurðar hjá Umhverfisstofnun. Með tilstuðlan sveitarstjórnar Djúpvogs fékkst hins vegar fjárveiting frá umhverfisráðuneytinu til að menntaður starfsmaður sinni land- og verðmætavörslu. Þetta atvik, sem er örugglega aðeins toppurinn á ísjakanum, sannar mikilvægi þess að landvörður starfi að jafnaði á Teigarhorni, segir Brynja.



EINSTAKT Þessi einstaki steinn fannst nýlega en hér má sjá gult sykurborg, silfurberg og geislasteininn stílbít. MYND/BRYNJA

Veðurspá



HLÝTT OG BJART á öllu landinu í dag og gæti hiti náð allt að 20 stigum N-lands. Vindur fer vaxandi SV-lands með deginum og tekur að rigna aðfaranótt þriðjudags. Næstu dagar verða vætusamir en áfram verður hlýtt í veðri.

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsen jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNIS: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNAR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Fremmiþákkinn Capacent október - desember 2013 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

ÞÚ KAUPIR EKKI HAMINGJUNA

En þú getur fengið þér
nýtt veiðidót og það er
nokkurn veginn það sama.



AÐEINS 29.995,-



**SCIERRA
CC3 VÖÐLUPAKKI**

Vandaðar öndunavöðlur og skór.

AÐEINS 53.900,-



**SIMMS
FREESTONE VÖÐLUPAKKI**

Fjögurra laga öndunavöðlur og skór.

AÐEINS 29.995,-



**REDINGTON CROSSWATER
FLUGVEIÐIPAKKI MEÐ ÖLLU**

FRÁ AÐEINS 59.900,-



**SAGE
FLUGVEIÐIPAKKAR Í ÚRVALI**

FRÁ 6.995,-



RIO FLUGULÍNUR
Ótrúlegt úrval og full ábyrgð. Ef línan þín hentar þér ekki máttu skila henni.

FRÁ 29.900,-



SAGE FLUGUHJÓL
Vönduð hjól í miklu úrvali.

AÐEINS 8.995,-



**COCOONS
VEIÐIGLERAUGU**

Bandarísk gleraugu sem henta einnig yfir sjöngler.

AÐEINS 6.995,-



SCIERRA VÖÐLUTASKA

Fyrir vöðlurnar og veiðifatnaðinn.

AÐEINS 33.900,-



**SIMMS
FALL RUN PRIMALOFT JAKKI**

Margir litir. Henta í alla útvist.

AÐEINS 29.995,-



**SCIERRA
KENAI VEIÐIJAKKI**

Vatnsheldur með útöndun.

FRÁ 11.995,-



**MCLEAN
HÁFAR MEÐ INNBYGGÐRI
VIGT Í HANDFANGI**

AÐEINS 39.900,-



**REDINGTON
DUALY TVÍHENDA**

Fjögurra hluta í hólk. Lífstíðarábyrgð.

FRÍ HEIMSENDING ÞEGAR PANTAÐ ER Í NETVERSLUN.

**VEIÐI 2014
KOMIÐ ÚT**

KOMDU OG NÁÐU ÞÉR
Í FRÍTT EINTAK



Framúrskarandi fyrirtæki 2010 Framúrskarandi fyrirtæki 2011 Framúrskarandi fyrirtæki 2012 Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FRAMÚRSKARANDI FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI



VEIÐIHORNID

SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIDIHORNID.IS

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir íslenska leikkonan sem bandarískir fjölmiðlar hafa hrósað hástöfum fyrir leik sinn í myndinni Uncertain Terms?
2. Gegn hvaða sjúkdómi vinnur lyfið sem Hákon Hákonarson læknir og vísindamaður er að þróa?
3. Hvaða knattspyrnukona eignaðist sitt fyrsta barn á dögnum?

SVÖR

1. Indía Salvör Menuez. 2. Sjúkursýki eit. 3. Margrét Látra Víðarsdóttir.

Breytingar á vegabréfalögum: Lengja gildistíma vegabréfa

UTANRÍKISMÁL Til umsagnar eru nú hjá innanríkisráðuneyti drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf.

Reglugerðarbreytingin snýr að því að ekki megi breyta mynd með tölvutækni sem ætluð er í vegabréf, heimilt verði að bera höfuðfat á mynd vegna heilbrigðisastæðna og að lengja gildistíma vegabréfa í tíu ár. Almennigur á þess kost að gera athugasemdir við reglugerðarbreytingartillöguna með því að senda bréf til innanríkisráðuneytisins fyrir fjórða júlí næstkomandi.

Gagnagrunnur yfir rómafólk: Lögreglan greiðir bætur

SVÍPÍÓÐ Lögreglan í Svíþjóð hefur nú þegar greitt rúmlega fimm hundruð einstaklingum í hópi rómafólks bætur fyrir að hafa haldið ólöglegan gagnagrunn um fólk. Úrskurðað var í maí síðastliðnum að allir sem hefðu verið skráðir í gagnagrunninum fengju fimm þúsund sænskar krónur í bætur. Í gagnagrunninum voru persónuupplýsingar um yfir 4.000 einstaklinga, þar af meira en eitt þúsund börn. Sum þeirra voru undir tveggja ára aldri.

LÖGREGLUMÁL

Ók á móti rauðu ljósi

Tveir bílar rákust saman á Sæbraut við Holtaveg í Reykjavík rétt eftir klukkan eitt í gær. Að sögn lögreglu sluppu ökumenn og farþegar án teljandi meiðsla. Ökumaður annars bílsins er sagður grunaður um að hafa ekið gegn rauðu ljósi. Bílana þurfti báða að fjarlægja með dráttarþreifi. Þá rannsakar lögregla innbrot í grunnskóla í austanverðri borginni þar sem stolið var „töluverður magni af fartölvum“.

Landeigendum ber að að gæta þess að náttúruperlur spillist ekki, segir stjórnarformaður Kerfélagsins: Umhverfisstofnun hefur ekki sinnt Kerinu

UMHVERFISMÁL „Þegar við sem eigum Keríð hefjum gjaldtöku til að vernda náttúruna þá snýr Umhverfisstofnun öllu á haus. Um hvað snýst þessi stofnun, snýst hún eingöngu um sjálfa sig?“ spyr Óskar Magnússon, stjórnarformaður Kerfélagsins. Hann telur að stofnunin hafi ekki sinnt því hlutverki sem henni er falið með lögum, það er að gæta íslenskrar náttúru.

Í bréfi sem Umhverfisstofnun sendi umhverfis- og auðlindaráð-

herra á fimmtudag kemur fram að gjaldtaka landeigenda við Keríð og á öðrum svæðum sem eru á náttúruminjaskrá standist ekki lög.

„Það eru skýr ákvæði í náttúruverndarlögum sem heimila mönnum að takmarka aðgang að eignarlöndum í byggð þar sem átroðningur ferðamanna er mikill,“ segir Óskar og bætir við að samkvæmt sömu lögum eigi landeigendur að gæta þess að náttúran spillist ekki.

„Umhverfisstofnun virðist hafa fundið það út að Keríð sé á náttúruminjaskrá og þar með undir eftirliti stofnunarinnar. Henni hefur hins vegar láðst að sinna Kerinu síðastliðin fjórtán ár,“ segir Óskar.

Aðgangur að Kerinu er 350 krónur, þar af fær ríkið 70 krónur í formi virðisaukaskatts.

Óskar segir að peningarnir séu notaðir til að byggja upp göngu- stíga og hreinsa rusl.

-jme



AÐGANGSEYRIR Landeigendur við Keríð rukka ferðamenn um 350 krónur í aðgangseyri, hlutur ríkisins í gjaldinu nemur 70 krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hertogabananinn heiðraður

Á laugardaginn verða hundrað ár liðin frá því að Gavrilo Princip myrti Franz Ferdinand erkihertoga í Sarajevó. Morðið hratt af stað fyrri heimsstyrjöldinni. Skiptar skoðanir hafa samt alla tíð verið á verknaði Princip. Ættingjar hans eru enn þann dag í dag stoltir af sínum manni og í Belgrad ætla stjórnvöld að reisa honum minnismarki.

BOSNÍA, AP „Hann lifði og dó fyrir hugsjón sína um að frelsa og sameina suður-slava. Megi hann hvíla í friði,“ segir Nikola Princip um föðurbróður sinn, hertogamorðingjann Gavrilo Princip.

Nikola er orðinn 81 árs. Rétt eins og margir Serbar lítur hann hreint ekki á þennan fræga frænda sem skúr og hryðjuverkamann, þótt heimsbyggðin sé annars almennt á þeirri skoðun að Gavrilo Princip hafi hrundið af stað fyrri heimsstyrjöldinni og þar af leiðandi þeirri seinni líka.

Á laugardaginn kemur, þann 28. júní, verða liðin rétt hundrað ár frá því að Gavrilo Princip skaut erkihertogann Franz Ferdinand til bana úti á götu í Sarajevó. Erkihertoginn var þá fimmtugur og átti að erfa ríkið, taka við af frænda sínum Franz Jósef, sem var bæði Austurríkis-keisari og konungur Ungverjalands.

Austurríki-Ungverjaland lýsti mánuði síðar yfir stríði á hendur Serbíu. Rússar gripu síðan til vopna til stuðnings vinum sínum í Serbíu, og Þjóðverjar skárust í leikinn til stuðnings Austurríki-Ungverjalandi. Brátt logaði meginland Evrópu í stríðsátökum sem stóðu í fjögur ár og kostuðu fjórtán milljónir manna lífið. Serbar neita hins vegar margir hverjir að fallast á þá söguskýringu að morðið á Franz Ferdinand hafi hrundið af stað einum versta hildarleik sögunnar.

Princip var handtekinn og tekinn af lífi árið 1918. Í Júgóslavíu var hann alla tíð heiðraður sem þjóðhetja og í Serbíu verður honum gert hátt undir höfði nú þegar öld er liðin frá morðinu á erkihertoganum.

Á laugardaginn stendur til að minnismarki um Princip verði reist í Belgrad, höfuðborg Serbíu. Samskonar minnismarki verður einnig vígt í austurhluta Sarajevó.



GAVRILLO PRINCIP Frægur fyrir að hafa drepið Franz Ferdinand erkihertoga og eiginkonu hans Sofíu í Sarajevó þann 28. júní árið 1914. Mánuði síðar hófst fyrri heimsstyrjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það liggja engar nýjar staðreyndir fyrir og það eina sem við getum er að túlka gömul skjöl upp á nýtt,“ hefur AP fréttastofan eftir sagnfræðingnum Draga Mastilovic, sem er serbneskur Bosniabúi. „Ættum við þá núna að fara að fallast á hina austurrísk-ungversku afstöðu að Serbía hafi komið þessu stríði af stað?“

Hann sagðist þó vel skilja af hverju Þjóðverjar og Austurríkismenn vilji breiða út sína túlkun á þessum atburðum: „Það er ekki auðvelt að hafa það á samvissunni að hafa tvisvar sinnum á tuttugustu öld orðið valdur að alheimsblóðbaði.“

Það eru hins vegar fleiri en Þjóðverjar og Austurríkismenn sem vilja skella skuldinni á Gavrilo Princip og Serba almennt.

„Hann var morðingi, hryðju-



HEIMSÓTTU FJÖLSKYLDUGRAFREITINN Novak Princip ásamt afa sínum, Nikola Princip, sem er bróðursonur Gavrilos. Þeir standa þarna við grafreit Princip-fjölskyldunnar í þorpinu Obljaj í Bosnía.



FRANS FERDINAND OG SOFÍA Erkihertogahjónin voru í heimsókn í Sarajevó þegar Gavrilo Princip varð þeim að bana.

verkamaður,“ segir Halida Basic, 72 ára Bosniúkona, sem efast ekki um ástæðu þess að nítján ára Serbi steig fram og framdi morð um hábjartan

dag: „Hann gerði þetta vegna þess að hann vildi að Bosnía yrði partur af Stór-Serbíu,“ segir hún.

gudsteinn@frettabladid.is

Segja Ríkisútvarpið hafa flutt leikverk án leyfis og brotið ákvæði samninga: Leikstjórafélagið í hart við RÚV

KJARAMÁL Samninganefnd Félags leikstjóra á Íslandi hefur slitið viðræðum við Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) um greiðslur fyrir leikverk. Í tilkynningu frá félaginu segir að launatölur hafi ekki tekið neinum breytingum frá árinu 2005 og að sömu sögu sé að segja um greiðslur RÚV til leikstjóra vegna endurflutnings verka.

Félagið telur RÚV hafa með skipulögðum hætti brotið ákvæði kjarasamningsins og flutt eldri verk án leyfis. Þá telur félagið RÚV hafa skotið sér undan skilum á samningsbundnum launatengdum gjöldum.

Í tilkynningu frá Félagi leikstjóra á Íslandi segist félagið reiðubúið að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja rétt leikstjóra með það að markmiði að tryggja þeim sanngjörn kjör fyrir störf sín ásamt því að knýja Ríkisútvarpið til að virða þann rétt sem leikstjórar eiga á verkum sínum.

Á vef RÚV segir að leikstjórar hafi fengið greitt fyrir verk sín og tekið við greiðslum athugasemdalaust.

-sks



SLITIÐ VIÐRÆÐUM Leikstjórar hafa slitið kjaraviðræðum við Ríkisútvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Beltone **First**[™]
Snjallara
heyrnartæki



Nýja Beltone **First**[™] heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýringu. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc. skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

HONDA

The Power of Dreams

STUTTA SPILIÐ & LANGA FERÐIN

HORFÐU Á HEILDARMYNDINA



HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 5.190.000

Hvort sem þú vilt sparneytni, rými og þægindi í golfið eða fjórhjóladrif og öruggt veggrip fyrir krefjandi vegi þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjéppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims áttunda árið í röð. Keyrðu Honda CR-V, betri 4x4 þegar á allt er litið.

honda.is/cr-v



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Skuldugt flutningaskip: UTA kyrrsett á Reyðarfirði

VIÐSKIPTI Flutningaskipið UTA, sem er með vörur frá Alcoa Fjarðaáli, hefur verið kyrrsett í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði frá því á miðvikudag vegna skulda. Skipið er þýskt og hafa eigendurnir ekki greitt olíureikninga sem hvíla á því. Skipið var á leið til Rotterdam í Hollandi þegar það var kyrrsett. Til stendur að fá annað skip til að flytja vörurnar. Erlend áhöfn er á skipinu en umboðsaðili þess er útgerðarfyrirtækið Thorship í Hafnarfirði. -fb

Reynt að gera svæðið í gljúfrinu öruggt svo lífi björgunarsveitarmanna væri ekki stefnt í tvísýnu: Umfangsmikil og flókin leit í Bleiksárgljúfri

SLYS „Það hefur verið leitað á þessum stað áður en við töldum að vegna slæms skyggnis í gilinu og vatninu sem þar rennur væri þörf á að leita svæðið betur. Verkefni gærdagsins var að gera svæðið öruggt svo lífi björgunarsveitarmanna væri ekki stefnt í tvísýnu,“ segir Guðbrandur Örn Arnarson, sem stjórnaði leitaráðgerðum í Bleiksárgljúfri. Hann segir aðstæður hættulegar, fossinn sé um 30 metrar á hæð og mikið súrefni í vatninu.

„Við breyttum farvegi árinna svo það væri hægt að leita betur á gilbotninum,“ segir Guðbrandur Örn sem segir aðgerðirnar mjög umfangsmiklar og flóknar.

Um sjötíu björgunarsveitarmann leituðu að Ástu Stefánsdóttur í gljúfrinu í gær en þeim var fækkað niður í um fimmtíu í gærkvöld. Röfum og dælubúnaði var komið upp til að draga úr vatnsrennsli og gilið, sem er nokkuð rökkvað, var lýst upp. „Þetta voru um 1.000 sekúndulítrar af vatni sem við vorum að reyna að finna annan farveg,“ segir Guðbrandur Örn. „Við dreifum fólki á brúnirnar og látum það horfa niður í gljúfrið. Við þorum ekki að senda fólk niður af ótta við að stíflunar bresti.“

Þegar blaðið fór í prentun fór í gærkvöldi stóðu leitaráðgerðir enn yfir og bjuggust menn við að þeim yrði ekki lokið fyrir en í nótt. -jme



LEIT Ástu Stefánsdóttur hefur verið saknað síðan á hvítasunnudag. Kærasta hennar, Pino Becerra, fannst látni þriðjudaginn 10. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/MHH



Á FLÓTTA Tólf þúsund Sýrlendingar fengu hæli í Svíþjóð í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi flóttafólks frá Sýrlandi tvöfaldaðist milli 2012 og 13: Flestum er veitt hæli í Svíþjóð

SVÍÞJÓÐ Tvö af 28 ríkjum Evrópusambandsins, Svíþjóð og Þýskaland, tóku við yfir 60 prósentum þeirra 35.800 sýrlensku hælisleitenda sem komu til sambandsríkjanna í fyrra. Í Svíþjóð fengu 12.000 Sýrlendingar hæli en 9.600 í Þýskalandi.

Straumur hælisleitenda frá Sýrlandi tvöfaldaðist næstum því milli 2012 og 2013. Um 1,8 milljónir hafa flúið frá Sýrlandi vegna borgarastyrjaldarinnar þar. -ibs

Kosningaskjálfti í Svíþjóð: Embættismenn þegi yfir tapi

SVÍÞJÓÐ Embættismenn í Stokkholmi í Svíþjóð hafa verið hvattir til þess að gera ekki grein fyrir horfum á taprekstri sjúkráhusa fyrr en eftir kosningarnar í september.

Í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins er vitnað í tölvupóstsamskipti embættismanns sem hvetur starfsfélaga sína til þessa. Ekki kemur fram hverjir það eru sem ekki vilja umræðurnar.

Upplýsingafulltrúi íhaldsmanna vísar því á bug að reynt hafi verið að stýra umræðunum. -ibs

Eldsíminn kominn í sölu: Amazon kynnrir nýjan farsíma

VIÐSKIPTI Bandaríska stórfyrirtækið Amazon, sem er hvað helst þekkt fyrir að reka samnefnda fersluslun, kynnti í fyrradag til sögunnar nýjan síma fyrirtækisins.

Síminn hefur hlotið nafnið Fire phone eða „Eldsíminn“ og mun mun kosta allt frá 200 bandaríkjadöllum. Amazon hefur áður sent frá sér lestölvuna Kindle sem hefur notið töluverðrar hylli á undanförunum árum.

Jeff Bezos, stofnanir Amazon.com, kynnti gripinn á blaðamannafundi í Seattle í Bandaríkjunum fyrir helgi. -s6j

Vinnusálfræðingar kallaðir til á Hlíð

Sálfræðifyrirtækið Líf og Sál vinnur nú að því að greina vinnuskilyrðin á einni deild á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri. Starfsmönnum finnst ekki tekið nógu vel á málum og eru teknir á teppið fyrir litlar sem engar sakir af forstöðumanni.

AKUREYRI Mikil óánægja ríkir á meðal starfsmanna öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri. Er svo komið að á einni deild hafa starfsmenn horfið á braut vegna samskiptavandamála við forstöðumann deildarinnar og vinnusálfræðingar hjá sálfræðipjónustunni Líf og Sál í Reykjavík hafa verið fengnir til að fara ofan í saumana á vinnuskilyrðum á deildinni.

Í byrjun febrúar héldu starfsmenn umræddrar deildar fund þar sem þeir fóru yfir ástandið. Fundurinn var að sögn erfiður og kom fram mikil óánægja með starfandi forstöðumanni. Umræðuefni fundarins var viðvarandi vandamál á deildinni vegna starfsanda og vinnuskilyrða á deildinni. Var ástandið á þeim tíma orðið það slæmt að ekki varð unað við það lengur.

Starfsfólki deildarinnar líður illa í kringum forstöðumann, þeir eru teknir á teppið fyrir litlar sem engar sakir, fjöldi starfsmanna hefur verið ýtt burt af deildinni og flutt sig annað vegna samskiptavanda við forstöðumann.

Starfsfólk segir sér líða illa yfir því að geta ekki kvartað til yfirmanns síns því það óttast það að missa vinnuna ef það fellur í ónád.

Átta starfsmenn hafa á síðustu misserum hætt störfum á deildinni aðeins vegna umrædds forstöðumanns.

Vinnusálfræðingateymi frá sálfræðipjónustunni Líf og Sál vinnur nú að því að skoða vinnuskilyrðin á deildinni. Hafa sálfræðingar á þeirra vegum tekið viðtal við



DVALARHEIMILIÐ HLÍÐ Allt logar í illindum á einni deild og starfsfólk er hrætt um að ástandið muni bitna á vistmönnum.

starfsmenn deildarinnar til að reyna að greina stöðuna. Starfsmenn sem Fréttablaðið hefur talað við telja að þessi umrædda deild búi við það ástand að þar logi allt stafnanna á milli og engin leið sé að vera glaður og sáttur í vinnunni.

Nú er svo komið að vegna starfsmannaveltu á staðnum eru starfsmenn uggandi yfir því að þetta geti haft áhrif á klínískt og gott starf sem reynt er að vinna á deildinni. Óttast þau að ástandið geti farið að hafa áhrif á íbúa deildarinnar.

Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar, vildi ekki tjá sig við blaða-

→ Vegna starfsmannaveltu á einni deilda öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri er starfsfólk uggandi um að áhrif kunni að vera slæm á það starf sem unnið er á deildinni.

mann þegar eftir því var leitað. Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimilisins, vildi heldur ekki ræða málið á þessu stigi málsins en sagði að umræddur forstöðumaður hefði fullt traust til starfsmanna.

svinn@frettabladid.is

25%

afsláttur

af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

NÝTT

Nicotinell

Lyf & heilsa

við hlustum!



NÝ STARFSSTÖÐ Siggeir Stefánsson, Rafn Jónsson, Brynjar Bragason, Óli Metúsalemsson, Hafsteinn Helgason og Bergur Steingrímsson á Þórshöfn.

EFLA eflir umsvif fyrirtækisins á Langanesi:

Opna nýja starfsstöð á Þórshöfn

VERKFRÆÐI EFLA verkfræðistofa hefur opnað starfsstöð á Þórshöfn á Langanesi. Starfsstöðin er liður í því að efla starfsemi fyrirtækisins á Langanesi í tengslum við aukin umsvif á svæðinu, bæði á Þórshöfn og í Finnafirði.

Meginstarfsemi EFLU er á Íslandi og í Noregi. EFLA er með höfuðstöðvar í Reykjavík og starfsstöðvar á Akureyri, Þórshöfn, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Seyðisfirði, í Reykjanesbæ og á Selfossi, ásamt dóttur- og hlutdeildarfélagum í Noregi, Svíþjóð, Frakklandi, Tyrklandi, Póllandi, Rússlandi og Dúbaí. Árni Sveinn Sigurðsson, svæðisstjóri EFLU Norðurlands, mun stýra starfsstöðinni á Þórshöfn. -fb

FIND **NEW** ROADS™



FÁÐU MEIRA

SJÁÐU MEIRA



CAPTIVA
5.490.000.-
LT DÍSEL 2.2L
BSK • 7 SÆTA

SUMARBÓNUS
CHEVROLET FYLGIR
ÖLLUM NÝJUM
BÍLUM

FÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

Chevrolet bílar eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

SJÁÐU MEIRA Í SUMARFRÍINU

Það er fátt notalegra en að ferðast um í Chevrolet Captiva og fræðast um þær slóðir sem farið er um hverju sinni. Til að toppa upplifunina er svo er algjör snilld að slá upp grillveislu fyrir ferðafélögana þegar komið er á áfangastað.



Öllum nýjum Chevrolet bílum fylgir Char Broil ferðagasgrill frá Rekstrarlandi og ferðahandbók að eigin vali* frá Forlaginu.

*Þú velur á milli eftirfarandi titla: FerðaAtlas, 155 Ísland, Fjallabókin, Íslenskur fuglavisir, Íslensk fjöll og Íslenska fjallahandbókin.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



1 ÓOPINBER ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐA Sjálfboðaliði tekur við og skráir rafrænt atkvæði á kjörstað í Hong Kong í gær. Þar fer fram óopinber atkvæðagreiðsla um lýðræðisumbætur sem vakið hefur reiði stjórnvalda í Kína. Yfir 600 þúsund hafa tekið þátt frá því að kosningin hófst í gær. NORDICPHOTOS/AFP



2 MEÐ RAUDA GÖÐIÐ Nepalskir prestar bera á milli sín líkneski af Rato (Rauður) Machindranath, verndargoði Nepals, á lokadegi hátíðahalda guðinum til heiðurs í Jwalakhel í útjaðri Katmandú í gær.



3 HEIT ÆFING Ungur indverskur eldgleypir æfir kúnstir sínar í Ahmedabad í gær fyrir 137. Jagannath Rath Yatra-hátíðina árvissu sem fram fer um næstu helgi.



ÁSTAND HEIMSINS



4 LANDAMÆRAVERÐIR Hermenn þess sem nefnt hefur verið „Lúganska alþýðulýðveldið“ standa vörð við landamæri Rússlands og Úkraínu í Izvarino í gær. Uppreisnarher aðskilnaðarsinna náði valdi á landamæraströðinni 13. þessa mánaðar. Dónetsk og Lúgansk lýstu yfir sjálfstæði í umdeildri atkvæðagreiðslu 11. maí. Stjórnvöld í Kænugarði og Vesturlönd hafa hafnað lögmæti atkvæðagreiðslunnar.



5 SÆLUREIT ÓGNAÐ Göngufólkið James Lyons og Florence Reaves, frá Kirkwood í Montana, við útsýniskofa nærri Little Missouri-ánni í Theodore Roosevelt-þjóðgarðinum í Badlands í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Olíu er að finna í ríkum mæli í landi þjóðgarðsins og nágrenni hans. Nýhafin er með niðurdælingartækni mikil vinnsla nærri mörkum þjóðgarðsins sem forsvarsmenn hans óttast að vegna hávaða og umstangs ógni friði í landi þjóðgarðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



6 AÐ FUNDI LOKNUM Jose Manuel Durao Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Dana, yfirgefa sameiginlegan blaðamannafund sem fram fór í Marienborg í Kaupmannahöfn í gær.



7 GÓÐI HIRDIRINN Fólk skoðar bækur og annan varning á fimmtánda „Salon Emmaus“-markaðnum í París í gær. Ágóði sölu á margvíslegum endurunum varningi rennur til stuðnings þjóðarbrotta sem eiga undir högg að sækja.

Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi 7

og að Fuglavík 18 í Reykjanesbæ

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM


- ✓ Furukrossviður
- ✓ Birkikrossviður
- ✓ Mótakrossviður
- ✓ Gólfplötur - rakavarðar
spónaplötur með nót
- ✓ Veggplötur með nót
- ✓ Skrúfur og festingavörur
- ✓ Sökkuldúkur



International Plywood BV



SPANOGROUP
Wood Based Solutions

Súluskór kr. 1.495 	Vinkill 90x90 kr. 108 	Pakásanker 170x32mm kr. 95 	Gataplata 100x300mm kr. 295 	Bjálkaskór kr. 195 
--	---	---	---	--

GAH ALBERTS Þýskar gæðavörur
Ideen für Haus und Garten



Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar

A4	A2	Rafgalv	Ruspert	Gipsskrúfur	Kopar
----	----	---------	---------	-------------	-------



Chemfix
teinalím 345 ml
2.295,-



Deka festifrauð
750 ml
985 kr.



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Beiting heimilda til símahlerana er í ólestri:

Meira hleranafúsk

Símahleranir eru rannsóknarræði sem hefur verið beitt í mjög vaxandi mæli í sakamálum undanfarin ár. Þar veða þungt rannsóknir embættis sérstaks saksóknara á málum tengdum hrúningu. Að hlera síma fólks er gríðarlega þyngjandi rannsóknarræði og mikið inn-grip í einkalíf viðkomandi. Þótt nauðsynlegt geti reynzt að beita því, verður það að gerast með mikilli varúð og eftirliti með því hvernig lögreglan notar þetta vandmeðfarna úrræði þarf að vera skilvirkt.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Margir lögfræðingar hafa í öðru lagi dregið í efa að refsingar sem lægju við brotum sem sérstakur saksóknari rannsakar væru nógu þungar til að réttlæta hleranir. Í þriðja lagi hefur eftirliti með framkvæmdinni verið ábótavant. Eftir harða gagnrýni Róberts Spanós lagaprófessors í grein í Fréttablaðinu í nóvember 2011 tók ríkissaksóknari sig saman í andlitinu og herti eftirlitið, en þá kom í ljós að í sumum tilvikum fengu menn, sem sætt höfðu hlerunum hjá sérstökum saksóknara, lögboðna tilkynningu um að þeir hefðu verið hleraðir hálfu öðru ári eftir að hleranirnar hófust. Í fjórða lagi hefur komið í ljós að sérstakur saksóknari hefur hlerað símtöl sakborninga í dómsmálum og lögmanna þeirra.

Undanfarna daga hefur enn bæzt í þessa heldur ömurlegu mynd af frammistöðu réttargæzlukerfisins við beitingu símahlerana. Héraðsdómur Reykjavíkur sló því föstu að sérstakur saksóknari hefði brotið lög þegar símtöl sakborninga og verjenda þeirra voru hleruð í Imon-málinu svokallaða.

Þá sagði Fréttablaðið frá því að fyrrverandi starfsmenn sérstaks saksóknara hefðu greint frá því að þeir hefðu fengið fyrir-mæli um að deila með slitastjórn Glitnis upplýsingum úr símtölum sem voru hleruð hjá þeim sem stefnt var í svonefndu Glitnismáli fyrir dómstólum í New York.

Blaðið sagði sömuleiðis frá því að Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefði kært sérstakan saksóknara og fyrrverandi héraðsdómara fyrir skjalafals þar sem úrskurður um hlerun á síma hans hefði ekki verið kveðinn upp í héraðsdómi, eins og stæði í skjalinu, heldur á heimili dómarsins. Saksóknarinn hefði ekki sótt þinghald eins og stæði í úrskurðinum, heldur lög-reglumenn á hans vegum (sem hafa staðfest frásögnina). Þá hafi ekki legið fyrir skrifleg beiðni eða gögn fyrir dómarsinn að meta.

Ríkissaksóknari vísaði kærinni frá, á þeim forsendum að annaðhvort væri meint brot fyrnt eða að það hefði ekki efnislega þýðingu; tilgangurinn hefði verið lögmætur. Það eru aum svör hjá réttargæzlukerfi sem eltist við bankamenn fyrir að halda lána-nefndarfundi í plati eða útbúa skjöl um fjármálagerninga eftir á. Ef sá grunaði hefði átt talsmann við uppkvaðningu þessa úrskurðar, eins og tíðkast í Danmörku og Noregi og eins og Róbert Spanó lagði til í áður nefndri grein, léki væntanlega minni vafi á að farið hefði verið eftir reglunum.

Allt dregur þetta úr trúverðugleika rannsókna sérstaks saksóknara. Það virðist raunar full ástæða til að ríkissaksóknari geri heildstæða úttekt á beitingu símahlerana hjá því embætti. Alþingi getur heldur ekki setið aðgerðalaust hjá – það verður að tryggja betur í lögum að þessu rannsóknarræði sé ekki beitt svo frjálsglega og án þess að eftirlit sé tryggt.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýr kvenráðherra

Eygló Harðardóttir jafnréttisráðherra var á meðal gesta í þættinum á Sprengisandi á Bylgjunni gær. Þar var hún minnt á að þrjár af fjórum ráðherrum Framsóknarflokksins eru karlar. Eygló sagði að það væri svo sem alveg rétt en minnti á að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar og forsætisráðherra, hefði sagt fyrir ári að önnur framsóknar-kona myndi koma inn í ríkisstjórn fyrir flokkinn. Nú er ár frá því að ríkisstjórnin tók við völdum og enn bólar ekkert á nýjum kvenráðherra flokksins. Það hefur heldur ekkert verið minnst á að einhverjar hrókeringar verði í ríkisstjórninni eða aðrar breytingar.

Bara konur

Þátturinn Sprengisandur var helgaður konum og jafnréttisbaráttu í gær. Þakksamlegt að hafa slíkan þátt en það er orðið dálítið þreytandi að hlusta á þætti þar sem það eru eingöngu konur sem tala um jafnrétti. Slíkt ætti að heyrast sögunni til. Eygló jafnréttisráðherra sagði að jafnrétti skipti alla máli, það snerist um að búa til betri heim fyrir bæði karla og konur. Jafnréttisbaráttan þjónaði því báðum kynjum.

Ófgafeministar

Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi ráðherra, ræddi



ófgafeminista og sagði að þeir tækju að sér óvinsælustu hlutina í kvenna-baráttu sem er að nudda, ýta og ögra. Ein kona var sérstaklega nefnd í þessu sambandi; Sóley Tómasdóttir, Vinstri grænum. Katrín sagði að þessi hópur feminista væri að gera mikið gagn og hún horfði á þær úr fjarlægð og af addáun. Hún sagðist vera að færast nær þessum hópi í skoðunum þótt stundum gengju ófgafeministar lengra í baráttunni en góðu hófi gegndi. Það er ekki annað hægt en að taka undir með Katrínu þarna, oft þurfa konur að hafa hátt og ögra svo eftir þeim sé tekið.

johnanna@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fordómar í Framsókn

STJÓRN MÁL



Eva H. Baldursdóttir lögfræðingur og formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna

Í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum komst fátt annað að en stóra moskumálið. Oddviti Framsóknar og flugvallarvina fékk að eiga sviðið með yfirlýsingum í tengslum við múslima. Annars vegar að draga ætti til baka lóðarúthlutun til Félags múslima um byggingu mosku í Reykjavík og hins vegar að vegna múslima hefði þurft að gera þvinguð hjónabönd refsiverð í Svíþjóð. Athugasemd sem á enga samsvörum við íslenskan raunveruleika.

Íslendingar hafa almennt verið umburðarlyndir og friðsamir. Við höfum sett okkur stjórnarskrá sem mælir fyrir um að hér ríki trúfrelsi og jafnræði fyrir lögum m.t.t. trúarbragða, skoðana, þjóðernissuppruna, kynþáttar og litarháttar. Þá hefur fjöldi alþjóðlegra mannréttindasáttmála verið lögfestur svo sem Mannréttindasáttmáli Evrópu og Alþjóðasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Grunnstef þeirra sáttmála er í öllu falli að forsenda frelsis, friðar og réttlætis í heiminum byggi á þeirri viðurkenningu þjóðanna að mennirnir séu jafnir fyrir lögum og þeim sé ekki mismunað.

Ummæli oddvita Framsóknarflokksins eru því marki brennd að höfða til hræðslu og óryggis gagnvart minnihlutahópum og draga upp fordómfullar

myndir af meintum eiginleikum þeirra. Og oddvitinn hafði erindi sem erfiði og skilaði rúmum 10% atkvæða í kassann. Flokkar í nágrannabjódum okkar hafa líka náð árangri með slíkum málalíbun- aði. Hvort tilviljun ein ráði för eður ei, eru ummælin sett fram á sama tíma og alda þjóðernishyggju ríður yfir Evrópu. Í kosningum til Evrópuþingsins unnu flokkar eins og Danski þjóðarflokkurinn stórsigur með 27% atkvæða sem og Gullin dögum í Grikklandi sem fékk um 9%, en hann er talinn vera flokkur nýnasista. Árið 2011 vann þjóðernis-flokkurinn í Finnlandi, Sannir Finnar, einnig kosningasigur en þar í landi var mynduð sex flokka ríkisstjórn m.a. til að halda flokknum frá völdum.

Það er ábyrgðarhlutverk að bjóða sig fram til þátttöku í stjórnmálum. Gera verður þá kröfu að mannréttindi, sem eru ekki sjálfsögð og eiga uppruna sinn að rekja til ofríkis ríkisvalds og átaka, séu virt. Þess vegna eiga áherslur flokks sem ganga þvert á algild mannréttindi lítið erindi við stjórn borgarinnar. Fordómar eiga ekki rétt á sér þótt þeir hafi fengið 10% fylgi. Og elsti stjórnmálaflokkur landsins þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnun. Gildir þá einu ótrúverðugt eftir á tal um misskilning, einkum og sér í lagi þar sem auðsött var að leiðrétta hann fyrir kosningar.

VIKUNA 19.-26. JÚNÍ

VERÐFALL VIKUNNAR

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR AF ELECTROLUX SMÁTÆKJUM

Sjáðu allt úrvalið á www.raffa.is

Raffa

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.raffa.is

Dugar lögfræðin?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ímyndum okkur að ég hafi verið bankastjóri og fengið mann frá Fjaraskanistan til þess að kaupa stóran hlut í bankanum á uppsprengdu verði; bankinn hafi sjálfur fjármagnað kaupin og viðkomandi maður aldrei borgað krónu sjálfur, en kaupin hafi verið ætluð til þess að auka tiltrú á bankanum, og halda uppi verði á hlutabréfum í honum; áður hafi ótal starfsmenn bankans verið látnir skrá sig fyrir ómældum kaupum á hlutabréfum í bankanum í sama skyni. Ímyndum okkur að um þessa markaðsmisnotkun mína séu til gögn.

Ímyndum okkur að ég hafi harðsnúna lögmann á mínum snærum og að þeir hafi ráðlagt mér að neita alltaf öllu, ævinlega. Svo myndi vörn þeirra snúast um að koma í veg fyrir að gögn saksóknara yrðu lögð fram í réttinum. Ég gæti sloppið. Ég gæti verið sýknaður vegna þess að lögmann hefðu gengið svo vasklega fram í því að ónýta sóknina, ryðja burt sönnunargögnum, varpa rýrd á trúverðuleika saksóknara, jafnvel móta umræðuna í samfélaginu. Þannig virkar réttarkerfið. Og á að gera: hver og einn borgari á rétt á bestu hugsanlegri vörn snjöllustu lögfræðinga sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ónýta málflytning ákærvaldsins. Hæstiréttur kveður upp sinn dóm að lokum og þar við situr. Eða hvað? Er leið laganna í raun og veru fullnægjandi þegar kemur að því að gera upp Hrunið hér á landi og helstu persónur og leikendur þess?

Aflendingarnir

Síðasta ríkisstjórn lét lögfræðinga teyma sig út í fen Landsdómsins, sem varla er hægt að lýsa öðruvísi en sem pólitískum réttarhöldum; þar sem meint

mistök eða vanræksla við stjórn landsins var gerð að sakamáli í stað þess að kjósendum væri eftirlátið að kveða upp réttan dóm. Þessi málatilbúnaður skiladi engu öðru en því að sjá hinn dagfarsprúða Geir Haarde bálvondan á tröppum gamla Safnahússins, eftir að hafa verið fundinn sekur um að hafa trassað að boða ríkisstjórnarfundum á réttan hátt. Sem uppgjör við stjórnarhætti Geirs – og hvað þá Davíðs og Halldórs – dugði ferlið engan veginn en skadaði uppgjörið stórkostlega.

Og útrásarvíkingarnir, bankastrákararnir og fjármáladólgarnir: Hversu skelfilega sem þeir höguðu sér – allur dónaskapurinn, hrokinn, ruglið, flotræfilshátturinn, hópheimskan – þá skulum við ekki gleyma því að þessir menn hafa nú í sjó ár mátt þola útskúfun og ærumissi í samfélagi þar sem þeir hreyktu sér hátt forðum. Þjóðin hefur haft opinn syndareikning á kostnað þessara manna þar sem hægt hefur verið að skrá allt sem aflaga fór í íslensku samfélagi á Davíðsáratugnum; meðan réttara myndi kannski vera að skrifa eitthvað af því á reikning rangrar hugmyndafræði sem gerði arð að mælikvarða alls og ruglaði auðskil saman við farsæld; í þeim skilningi voru þessir krakkar fórnarlömb skefjalausrar auðtrúar. Og eru hæddir og fyrirlitnir hvar sem því verður við komið, og erfitt að sjá að þeir eigi afturkæmt í samfélag við aðra Íslendinga, án þess beinlínis að verða fullgildir meðlimir annarra samfélaga; fastir á sínum aflandseyjum; aflendingar.

Gæti hugsast að lífið yrði þessum mönnum örliðið bærillega ef þeir reyndu að nálgast okkur þjóðina á ný með iðrun og einlægni og löngun til að gera hreint fyrir sínum dyrum?

Uppgjörið við Hrunið hefur ekki almennilega farið fram hér vegna þess að það hefur of mikið verið á forsendum lögfræðinga.

Gæti hugsast að við ættum heldur að fara leið heimspeki og síðfræði í þessu uppgjöri: hætta að tala eins og allt megi sem

Þjóðin hefur haft opinn syndareikning á kostnað þessara manna þar sem hægt hefur verið að skrá allt sem aflaga fór í íslensku samfélagi á Davíðsáratugnum ...

ekki takist að sýna fram á með óyggjandi sönnunargögnum að hafi verið rangt; heldur eigi fólk að hegða sér eftir tilteknum síðferðilegum mælikvörðum, sem við getum reynt að rifja upp sameiginlega? Og þá ekki bara með því að fara í lopapeysu og safna skeggi. Við þurfum að finna samræðugrundvöll í þessu splundr-ada samfélagi og hafi aflendingarnir farið í gegnum sína hundahreinsun og afeitrun væri best ef uppgjörið við þá færi fram í samræðum við þá, þó að auðvitað þurfi réttarkerfið að fá að hafa sinn gang. Nema þeir vilji bara húka á sínum aflandseyjum og hringla með skartgripina sína.

Já en ...

Ímyndum okkur að ég hafi rænt banka en sönnunargögnin kæmu ekki fyrir dóminn vegna hugkæmni verjenda minna og ég yrði sýknaður. Væri ég saklaus? Væri sýkna mín í skilningi laganna nægileg? Einhlít? Gallinn er þessi: Snúist vörnin ekki um að sýna fram á að ég hafi ekki rænt bankann heldur um hitt: að ekki megi leggja fram sönnunargögnin um ránskapinn – þá er nafn mitt ekki hreinsað af grun um ránskapinn. Það leiðir af sjálfu sér. Andrúmsloftið hefur ekki verið hreinsað. Í loftinu liggur þetta óþægilega: „Já en ...“. Og andrúmsloftið verður ekki hreinsað nema með tvennu móti: Annaðhvort með því að sýna fram á að ég hafi framið ránið eða með hinu: að ég komi hreint fram, leggi spilin á borðið, tali af iðrun og einlægni og biðji um nýtt tækifæri til þess að leita gæfunnar og farsældar fremur en auðsældar. Reynslan kennir okkur að þeim sem þannig kemur fram er fyrirgefningin auðsött.

Vá í véum?

Skólabörn eiga stundum erfitt með að læra sporin og finna taktinn í menntavalsinum. Geta þá verið dofin og dreymin eða úthverf og ógnandi skólastarfinu.

Greining á vandanum leiðir gjarnan í ljós að börnin séu haldin athyglisbrestri, ADD, eða athyglisbrestri með ofvirkni, ADHD. Við slíkum rökunum finnast lyf sem sögð eru virka – eru það geðlyf og er því um geðraskanir að ræða. Algengasta lyfið við þessum rökunum er ritalín, (metýlfenídat).

Finni barnið fyrir depurð, kvíða eða þunglyndi má bæta þar úr með „gleðipillum“ og hugmyndaflug – myndrænt sem hljóðrænt – má slá niður með geðklofalyfi!

Það getur ekki verið heilbriggt að sjúkdómsgreina börn sem fljóta ekki fyrirhafnarlítið eftir flæðilínu skólakerfisins og slá síðan á sjálfstæði þeirra, frumkvæði og lífskraft með lamandi blöndu geðlyfja.

Árgangaraðað hlýðnikerfi skyldunámsins brýtur þannig niður frumkvæði og sköpunargleði þeirra nemenda sem illa una einsleitri, staðlaðri ítrodslu.

Námsstíll barna er mismunandi. Mörg una almennu uppleggi skólans. Þau hugsa í/með orðum. Öðrum hentar betur myndræn framsetning – þau hugsa í myndum. Svo eru þau – gjarnan myndræn – sem geta ekki hugsað nema að vera á hreyfingu.

Það eru einkum myndræn börn með ríka hreyfiförk sem eru greind með geðraskanir (annars mætti ekki gefa þeim geðlyf?) og sett á ritalín.

Meðal þeirra sem aðhyllast slík vinnubrögð er því haldið fram að ADHD sé alvarlegur sjúkdómur, enginn geðsjúkdómur sem hrjái börn sé jafn vel rannsakaður og ofvirkni og að meira sé vitað um verkan ritalíns á börn en öll önnur geðlyf sem þeim eru gefin.

Þá er einnig varað við ýmsum sértrúarsöfnuðum og einstaklingum sem ekki séu vandir að virðingu sinni og reyni með lygum, rangfærslum og útúrslun-

SAMFÉLAG



Sturla Kristjánsson
sálar- og uppeldisfræðingur og Davíðsráðgjafi

→ Finni barnið fyrir depurð, kvíða eða þunglyndi má bæta þar úr með „gleðipillum“ og hugmyndaflug – myndrænt sem hljóðrænt – má slá niður með geðklofalyfi!

ingi á rannsóknarniðurstöðum að sá vafa um ritalín og verkan þess.

Vinsælasta fíkniefnið

Lyfjafræðin segir okkur aftur á móti að það sé ekki þekkt hvað valdi ADHD né heldur hvernig metýlfenídat og önnur sambærileg lyf verki á sjúkdóminn. Þó sé það vitað að þessi efni leiði til aukinna áhrifa taugaboddefnanna dópamíns, noradrenalíns og serótóníns í miðtaugakerfinu.

ADHD-samtökin halda því fram að ADHD sé taugabroskaröskun, sem komi yfirleitt fram fyrir sjö ára aldur, orsakir séu í flestum tilfellum líffræðilegar og rannsóknir bendi til truflana í boðefnakerfi heila er snýr að stjórn hegðunar.

Samtökin segja ADHD ekki sjúkdóm og því útilokað að lækna, en draga megi úr einkennum og halda í skefjum.

Í Læknablaðinu hefur komið fram að fjölgun ávísana á metýlfenídat á tímabilinu 2003-2012 hafi numið 160 prósentum hjá börnum og 480 prósentum hjá fullorðnum.

Metýlfenídat er sagt mjög hættulegt lyf vegna þeirrar miklu fíknar sem það getur valdið. Það sé misnotað af nokkur hundruð sprautufíklum hér á landi og öðrum hópi sem sé sennilega mun stærri og taki lyfið inn eða í nefið.

Þá er það athyglisvert að árið 2012 nam notkun metýlfenídat hér á landi 17,4 skömmtum á dag fyrir hverja 1.000 íbúa samanborið við 6,7 í Noregi, 7,0 í Danmörku og 7,7 í Svíþjóð.

Á sama tíma er ritalín orðið vinsælasta fíkniefni sprautufíkla á Íslandi!

Skarpari hugsun í pólitíkina

Þorsteinn Pálsson er jafnan með fróðlegar pólitískar skýringar í Fréttablaðinu. Þá er vitnað stift í alls konar skýrslur sem rannsóknarstofnanir háskólanna sem lifa á að skrifa fyrir stjórnvöld og aðra þá aðila sem eiga fyrir þeim, annað fé til háskólarannsóknna er ekki að hafa hér á landi.

STJÓRN MÁL



Jónas Elíasson
rannsóknarprófessor
H.Í. og Háskóla
Kyoto

Það er auðvitað gott að kunna hinar sögulegu staðreyndir sem standa í þessum skýrslum, þótt ekki virðist þær hafa mikil áhrif á þá sem ganga með sínar bjargföstu skoðanir innmúraðar í heilabúið.

Sjávarútvegurinn

Sjávarútvegurinn ber höfuð og herðar yfir aðra atvinnuvegi í krafti hinna miklu pólitísku áhrifa LÍÚ. Það sem LÍÚ hefur til málna að leggja í útgerð er yfirleitt kvótalögfræði og þjóðhagfræði til hagsbóta fyrir togaraútgerðina. Tæknimálin verða að húka í þriðja sæti og þar fyrir neðan. Í hinum ýmsu skýrslum og hjá Þ.P. er kallað eftir meiri fjárfestingum í sjávarútvegi því togarar okkar eru flestir gamlir og sumir úreltir, en hvaða nýjar tekjur eiga að bera þær uppi? Hér þarf vissulega að hafa í huga allt sem stendur í skýrslunum, en miklu frekar allt sem EKKI stendur í þeim. Til dæmis sér kvótakerfið til þess

að allur fiskur sem má veiða kemur á land og það breytist ekkert þó keyptir séu nýir togarar. Þá tók þjóðin sér frið frá togaraútgerð allengi á árunum 1950-1980, en fiskaði mjög vel.

Landbúnaður

Þarna er sama sagan. Kostnaður við kvótann að sliga nýsköpun í landbúnaði. Miklir hnökror í markaðssókn erlendis. Síðast en ekki síst, háskólar og rannsóknarstofnanir landbúnaðarins virðast ekki ráða við tæknimál greinarnar. Þetta eru mál sem þarf að kippa í lag, þarna eru gífurlega miklir möguleikar fyrir landbúnaðinn til að einbeita sér að tæknivæddri framleiðslu á sérvörum fyrir dýra markaði, eins og reyndar flestir landbúnaðarfrömuðir eru búnir að sjá og skrifa reglulega um.

Pólitíkin

Hér er best að segja það sem ekki stendur í skýrslunni hér á undan. Mikill heiladoði hefur færst yfir íslenska stjórnsýslu á undanförunum árum og hún á uppruna sinn í pólitíkinni. Til að finna mann sem hafði einlægan vilja til að ráða hæfa menn virðist þurfa að fara alveg aftur í Geir Hallgrímsson, formann Sjálfstæðisflokksins, á áttunda áratugnum.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!

UNICEF fékk 250 þúsund frá Moniku

Hörpuleikarinn Monika Abendroth hefur afhent neyðarhjálp UNICEF í Suður-Súdan 250 þúsund krónur. Hún afþakkaði afmælisgjafir á sjötugsafmæli sínu og bað afmælisgestina í staðinn um að styrkja börn sem eiga um sárt að binda.

Hörpuleikarinn Monika Abendroth fagnaði sjötugsafmæli sínu á dögnum. Fyrir afmælisfögnuðinn nefndi hún að sig vanhagaði ekki um neitt og afþakkaði þess vegna gjafir frá afmælisgestum.

Þess í stað bað hún gesti um að sýna góðvilja sinn í verki með því að styrkja neyðarhjálp UNICEF í Suður-Súdan en neyðarsöfnun samtakanna hófst fyrir nokkru.

„Þegar ég horfi til baka finnst mér ég hafa átt dásamlegt líf, fjölbreytt og skemmtilegt,“ segir Monika, spurð út í framtak sitt. „Svo er ég líka ferðafrík. Ég er búin að vera fararstjóri í þrjátíu ár og hef ferðast víða um heiminn. Þar hef ég orðið vitni að mikilli misskiptingu og fólk þarf að hafa mikið fyrir því að lifa af. Á sama tíma höfum við það rosalega gott á Íslandi.“

Afmælisveisla hennar var haldin í Café Flóru í Grasagarðinum á laugardaginn fyrir rúmri viku. Eitt hundrað manns var boðið og hugsaði Monika með sér að börnin í Suður-Súdan þyrftu frekar á peningum að halda í stað þess að hún fengi gjafir.

„Ég á allt og mig vanhagar ekki um neitt. Ég hugsaði með mér að það væri svo fallegt að gefa frekar til barnanna sem eiga ekki neitt. Ég fékk mjög góð viðbrögð frá gestunum.“

→ Styrktartónleikar í Hörpu 3. júlí

Í afmælisveislunni í Café Flóru spiluðu Monika og Páll Óskar lagið Megi það byrja með þér, sem sá síðarnefndi samdi fyrir UNICEF fyrir nokkrum árum. Páll Óskar hefur einmitt verið dyggur stuðningsmaður UNICEF um árabíl og kemur hann fram á styrktartónleikum samtakanna í Hörpu 3. júlí ásamt hjómsveitunum Kaleo, Hjaltalín og Snorra Helgasyni. Allur ágóði af miðasölnunni rennur óskiptur til neyðarsöfnunarinnar.

Mér þótti líka ofboðslega vænt um þegar vinkona mín sem er fyrir austan og komst ekki í afmælið setti 5.000 krónur í umslag fyrir söfnunina og sendi mér þótt hún væri ekki í veislunni.“

Monika mætti svo á skrifstofu UNICEF með 250 þúsund krónur sem hún fékk í „afmælisgjöf“ og rennur peningurinn beint til neyðarsöfnunarinnar.

„Fyrir þennan pening geta tuttugu börn fengið nægilega næringu til þess að geta lifað. Ég er mjög ánægð með að afmælið verði til þess að tuttugu börn halda lífi,“ segir hún og vonast til að aðrir fylgi fordæmi hennar og styrki söfnunina.

freyr@frettabladid.is



AFHENDIR ÁVÍSUN
Monika Abendroth með ávísun upp á 250 þúsund krónur sem Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF, tók á móti með bros á vör.

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Stofnað 1952
Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni
Graníthöllin Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Reynsla - Umhyggja - Traust

Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Ísleifar Jónsson útfararstjóri

Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta
Þorsteinn Elisson útfararþjónusta

Frimann Andræsson útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta
Jón G. Bjarnason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
önnumst við alla þætti þjónustunnar
Með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Víð þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utforis

†
Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,
RAGNHILDUR HELGADÓTTIR
lést 14. júní á dvalarheimilinu Grund. Útför hennar verður frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 30. júní kl. 15.00.
Helgi B. Thóroddsen, Sigrún B. Bergmundsdóttir, Bergmundur Bolli og Jóhannes

†
Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
DÓRA ÞORVALDSDÓTTIR hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, (Þórgötu 17)
lést föstudaginn 13. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram á morgun, þriðjudaginn 24. júní frá Fossvogskirkju klukkan 13.00.
Hrafnkell Hall Guðrún Jakóbína Ólafsdóttir börn, tengdabörn og barnabörn
börn Þóris Jóns Hall, tengdabörn og barnabörn.

†
Ástkær eiginnmaður minn,
KARL ÓSKAR SÖLVASON
lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold mánudaginn 16. júní síðastliðinn. Útför hans fer fram miðvikudaginn 25. júní frá Fossvogskirkju klukkan 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda, Ólaf Þórðardóttir.

†
Móðir okkar,
EIVOR VIKTORIA JÓNSSON frá Siglufirði, Lögmannshlíð, Akureyri,
er látin. Útförin fer fram í kyrrþey. Starfsfólki Bandagerðis í Lögmannshlíð er þakkað fyrir einstaka umhyggju og alúð við umönnun hennar.
Fyrir hönd fjölskyldunnar, Maj-Britt, Jón Pálmi, Karl Eskil, Björn Gunnar og Erik Pálsbörn.

PETTA GERÐIST: 23. JÚNÍ 1961

Samningur um verndun Suðurskautsins

Þennan dag árið 1961 tók samningur tólf þjóða um verndun Suðurskautslandsins gildi. Í samningnum var skýrt tekið fram að Suðurskautslandið ætti að vera vísindalegt friðland, að þar ríkti frelsi til vísindarannsókna og að heimsálfan ætti að vera laus við hernaðartól.

Suðurskautslandið er þriðja minnsta heimsálfan og stærsta svæði heimsins sem engin þjóð ríkir eiginlega yfir. Þrjú leiðangrar uppgötvuðu meginlandið árið 1820 en fram að þeim tíma höfðu aðeins gengið goðsagnir um tilvist Suðurskautslandsins. Á nítjándu öld var Suðurskautslandið ekki kannað ítarlega vegna erfiðra aðstæðna en snemma á tuttugustu öld voru farnir nokkrir könnunarleiðangrar um svæðið, meðal annars á suðurljólin sjálfan.

Nú á tímum starfrækja stjórnvöld allnokkurra ríkja rannsóknarstöðvar á Suðurskautslandinu. Allt að fjögur þúsund manns hafa haft þar búsetu þegar mest lætur á sumrin en á hörðum vetrum búa þar um þúsund manns.

Samningurinn um Suðurskautslandið var undirritaður bæði af Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Hann markaði ákveðin tímamót í kalda stríðinu vegna þess að stórveldin tvö komu sér þar saman um takmörkun vopnvalds á svo stóru svæði og var þetta fyrsti samningurinn sinner tegundar sem ríkin tvö undirrituðu.



SUÐURSKAUTIÐ Samningur um verndun Suðurskautslandsins var gerður fyrir 53 árum.

†
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
HENRIK LINNET læknir,
Árskógum 6, Reykjavík,
lést þann 6. júní sl. á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Seljakirkju í dag, mánudaginn 23. júní kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.
Vernharður Linnet Kristján Linnet Jóhanna Linnet Svanhildur Jóna Linnet barnabörn og barnabarnabörn.
Anna Bryndís Kristinsdóttir Jónína Guðnadóttir Gunnar Þór Benjamínsson Theodore Vougiouklakis

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓNSMESSUNÓTT Í SUNDI

Miðnæturhlaup verður í kvöld í tilefni Jónsmessu og af því tilefni verður Laugardalslaug opin í alla nótt. Hlaupurum er boðið að synda eftir hlaupið en allir eru velkomnir í laugina. Frábær leið til að njóta bjartrar nætur.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

HÁAR OG MJÓ-FÆTTAR HILLUR

ÍSLENSK HÖNNUN Júlía P. Andersen innanhússarkitekt kynnti stofuhillurnar Spíur á liðnum HönnunarMars. Viðbrögðin voru góð og nú stefnir hún á að útfæra þær frekar til framleiðslu.

Nafnið er sótt í efni sem notað er í fiskitrödur," útskýrir Júlía P. Andersen innanhússarkitekt, en hún kynnti hillurnar Spíur á liðnum HönnunarMars.

Spíur eru, eins og nafnið gefur til kynna, byggðar upp á háum og grönnum stoðum en þær er yfir tveir metrar á hæð. Hillurnar eru þunnum plötum úr mdf. Stoðirnar eru ýmist úr hnotu, aski eða lerki.

„Mig langaði að kanna hversu langt ég kæmist með sem minnst efni," útskýrir Júlía. „Ég teiknaði fyrstu útgáfuna inn í einbýlishús í Garðabæ en nú eru þær til í nokkrum útfærslum, það er í þessum þremur viðartegundum og hillurnar í nokkrum mismunandi litum og dýptum. Ég hannaði einnig skúffur í hillurnar og er með fleiri hugmyndir á teikni-borðinu.

Næsta skref er að útfæra Spíur enn frekar svo þær verði einfaldar í framleiðslu en þær eru ekki komnar í almenna framleiðslu enn þá.

Spíur yrðu fyrsta staka varan sem færi í framleiðslu eftir Júlíu en hún hefur starfað sem innanhússarkitekt hjá Ask arkitektum síðustu þrjátíu ár og teiknað innréttingar og húsgögn fyrir bæði heimili og stofnanir.

„Ég teikna í raun allt sem viðkemur heimilinu en einnig mikið fyrir skrifstofur og skóla. Það hafa ýmsar tiskusveiflur gengið yfir á þessum áratugum en þegar ég var að byrja voru einstaklingar ekki mikið að nýta sér þjónustu innanhússarkitekta. ▶



HILLUR Júlía P. Andersen innanhússarkitekt kynnti hillurnar Spíur á HönnunarMars. Næsta skref er að útfæra þær til almennrar framleiðslu. MYND/ARNÞÓR

JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Loksins alvöru svefnsófar



Svefnsófi Cube 90 Deluxe

Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.

149.900



Svefnsófi Cube 140 Deluxe

Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.

199.900



Svefnsófi Supramax Deluxe

Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.

249.900

12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald



18 cm poka-gormakerfi
Komdu og prófaðu!

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg - Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

OptiBac
probiotics
Flatur magi

Fáðu flatan maga!

...Með hjálp Optibac Probiotics-gerlana



Marta Eiríksdóttir starfar í Lifandi markaði og sem jógakennari.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Ég hef notað þá að staðal-dri í tæpt ár og get ekki hugsað mér að vera án beirra!“



www.facebook.com/optibaciceland

Þú færð Optibac probiotics í öllum helstu apótekum

MICKEY THOMPSON

JEPPADEKK

HÍÐ heilmápaðt merki Mickey Thompsons hefur verið selt í Íslandi í áratugi en stökkin hafa verið framleidd síðan ári 1963. M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og teigur.

STZ BAJA CLAW MTZ ATZPI

mtdekk.is

Sölumenn: Öll helstu dekkverkstæðin á landinu.
Væðing: icetrack ehf. Sími 773 4334
mtdekk@mtdekk.is



FARA VEL Á VEGG Hillurnar eru í nokkrum útfærslum, mismunandi að lit, dýpt og viðarvali. Þá hannaði Júlía einnig skúffur í hillurnar.

► En svo breyttist það og fólk fór að fá ráðgjöf þegar það var að byggja. Verkefni eru næg í dag,“ segir Júlía.

Spurð hvort Spírur séu dæmi-gerðar fyrir hennar hönnun segist hún það ekki endilega eiga við.

„Ég held að hugmyndir liggja einfaldlega í loftinu. Maður les blöð og skoðar vefinn og verður fyrir áhrifum en veit ekki endilega hvaðan þau koma. Ég er ekkert viss um að ég hafi einhvern ákveðinn stíl sem einkennir mig.“



NETTAR Júlía lagði upp með að nota sem minnst efni í hillurnar.

KAFFIKORGUR TIL ÝMISSA NOTA

Í stað þess að henda kaffikorginum í ruslið þegar laga á nýtt kaffi er sniðugt að safna honum saman og nota hann úti í garði.

Einhverjir kaffiaðdáendur hafa ef til vill ekki áttað sig á því að hægt er að endurnýta kaffikorginn úti í garði með góðum árangri. Kaffikorgur er ríkur af fosfór, magnesíumi, kopar og kalíumi auk þess að innihalda köfnunarefni. Hér eru örfáar hugmyndir til að nota korginn í í garðinum.

– **Sniðugt er** að nota korginn til að búa til mottu eða til að bæta jarðveginn en þá er honum einfaldlega blandað við moldina. Einfalt er að nota korginn sem áburð, látið hann liggja í vatni yfir nótt og hella svo blöndunni í jarðveginn eða blómapottinn.

– **Rósir eru** mjög hrifnar af kaffi. Kaffikorgur hefur lengi verið leynivopn rósaunnenda. Hann léttir jarðveginn í kringum rósirnar og dregur til sín orma sem hleypa lofti að þeim.

– **Kaffikorgur er** gott að nota sem áburð á grænmeti af því að hann er svo ríkur af köfnunarefni. Korgurinn er líka mjög sýru-ríkur sem gerir hann að tilvöldu bætiefni fyrir til dæmis tómát-plöntur, alparósir og glóðarrósir.

– **Lyktin af kaffikorgi** virðist fæla burtu alls kyns óvelkomin skordýr sem búa úti í garði.



HJÁLPLEGIR Korgur dregur til sín ánamaðka sem bæta jarðveginn fyrir hinar ýmsu plöntur.

Korgurinn er settur við maurabú eða við plöntur sem sniglar sækja í, þá vilja þeir síður klifra upp plönturnar.

– **Síðast en ekki síst** má nota kaffikorg sem viðarvörn. Korgvörnin skilar ef til vill ekki sama árangri og alvöru viðarvörn sem keypt er úti í búð en hún lykta að minnsta kosti betur og er eitrefnalaus. Einnig

má nota korginn til að laga rispur á viðarhúsgögnum.

NYTSAMLEGUR
Kaffikorgur er til margra hluta nytsamlegur.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

SUMARBÚSTAÐIR

MÁNUDAGUR 23. JÚNÍ 2014

Kynningarblað Gera upp hús á Hólmavík, sjónvarp í bústaðnum.

Háhraðanet og háskerpusjónvarp frá Vodafone í sumarhúsið

Vodafone hefur allt sem sumarhúsaeygendur og ferðalangar þurfa til að vera í góðu sambandi á ferð um landið. 4G-dreifisvæði Vodafone stækkar ört og er fyrirtækið leiðandi í þeirri uppbyggingu hér á landi. Nú geta viðskiptavinir Vodafone jafnframt fengið háskerpumyndlykil með upptökueiginleikum í sumarbústaðinn.

Vodafone er leiðandi í 4G-þjónustu á Íslandi og við erum bara rétt að byrja," segir Elva Guðrún Guðjónsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Vodafone. „Á síðustu dögum hefur Akranes bæst við ört stækkanði 4G-þjónustusvæði okkar, nýr sendir á Flúðum styrkir enn víðáttumikið 4G-þjónustusvæði okkar á Suðurlandi og með nýjum sendi á Egilsstöðum bjóðum við íbúa Austurlands velkomna á 4G. Þar með nær 4G-þjónustusvæði Vodafone til höfuðborgarsvæðisins, Eyjafjarðar, helstu sumarhúsa-svæða á Suðurlandi og í Borgarfirði auk Akraness, Egilsstaða og nágrennis.“

4G úti um allt

Uppbyggingin heldur áfram hjá Vodafone og verða næst settir upp 4G-sendar í Skagafirði, á Húsavík, í Vestmannaeyjum, í Kórahverfi í Kópavogi og í Vesturbæ Reykjavíkur. Auk þess verður 3G-sendir settur upp í Skaftafelli. Vodafone býður fjölbreyttan 4G-búnað í verslunum og hjá umboðsmönnum þar sem hver og einn getur fundið búnað sem hentar hans þörfum.

„4G-nettengill frá Vodafone tengir eina fartölvu við 4G-kerfið. 4G-ferðanetbeinir er lítil og nett græja sem getur deilt 4G-tengingu til nokkurra tækja. Hann er með rafhlöðu og hentar því vel í ferðalagið og útileguna. 4G-netbeinir er besti kosturinn í sumarbústaðinn. Hann getur deilt 4G-tengingu til margra tækja og hægt er að tengja hann við loftnet sem þýðir að hann nær enn betra sambandi. Svo bjóðum við upp á fjölbreytt úrval 4G-

netáskrifta, þar sem hver og einn getur valið gagnamagn í samræmi við sínar þarfir.“

Háskerpumyndlykill í bústaðinn

„Einnig bjóðum við viðskiptavinum okkar upp á nýjan háskerpumyndlykil fyrir loftnet sem leysir af hólmi gömlu Digital Ísland-myndlyklana. Hann tekur á móti öllum stöðvum sem sendar eru út um loftnet og þar á meðal háskerpútsendingum, en nýlega hófust háskerpútsendingar RÚV um loftnet á nýju dreifikerfi.“

Háskerpútsendingar RÚV um loftnet ná nú þegar til stórs hluta landsins en munu ná til 99,8 prósentu landsmanna að meðöldum helstu sumarbústaðasvæðum þegar dreifikerfið verður uppsett að fullu undir lok þessa árs og því nýttist ný myndlykillinn um allt land. Vodafone hefur þétt dreifikerfi sitt verulega síðustu mánuði og því hefur fjöldi byggðarlaga nú í fyrsta sinn aðgang að úrvali sjónvarpsstöðva og útsendingum í stafrænum gæðum.

Beint frá Brasilíu

„Myndlykillinn er jafnframt þeim eiginleikum búinn að hægt er að tengja flakkara við hann sem bætir upptökueiginleikum og „tímaflakki“ við lykilinn. Myndlykillinn er ákaflega lítill og nettur, sem er mikil framför frá eldri lykllum. Allt notandaviðmót lykilsins er á íslensku, auðskilið og straumflinlag að þannig að það ætti ekki að vefjast fyrir sumarbústaðaeigendum að horfa þráðbeint í háskerpum á knattspyrnuháttíðina sem boðið verður upp á í Brasilíu á næstu vikum,“ segir Elva og brosir.



Elva Guðrún, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Vodafone, segir fyrirtækið vera leiðandi í uppbyggingu 4G-þjónustu á Íslandi.

MYND/GVA

Tengdu sumarhúsið þitt

Með ferðanetbúnaði Vodafone og 4G Netáskrift ertu alltaf í sambandi. Þú getur streymt sjónvarps-efni og tónlist, spilað netleiki eða bara fundið uppskrift að hinni fullkomnu grillmarineringu á 4G háhraðanettengingu.

Kíktu í næstu verslun okkar og græjaðu sumarhúsið upp.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



Kynntu þér 3G/4G þjónustusvæði okkar á vodafone.is



4G Ferðanetbeinir (MIFI)
12.990 kr.


Gegn 6 mán. 4G Netáskrift, stærri en 1 GB eða 22.990 kr. stgr.



4G Netbeinir
22.990 kr.

Gegn 6 mán. 4G Netáskrift, stærri en 1 GB eða 36.990 kr. stgr.





„Æðurin sólar sig á klettunum í kring og bara þrjár metrar niður í sjó,“ segir Magnús og segir möguleika hússins hafa heillað þau.



Húsið er 35 fermetrar að grunnfleti. Annarri hæð var bætt ofan á húsið.



Húsið var byggt af skátunum á Hólmavík sem gufubaðstofa árið 1954. Það hafði staðið autt í áratugi þegar Magnús og Rut keyptu það fyrir fimm árum. MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

Gufubaðstofa verður bústaður

Hjónin Magnús Ólafsson og Rut Bjarnadóttir eyða sumrunum á Íslandi við smíðar en þau hafa búið í Svíþjóð síðustu tuttugu og sex ár. Smíðaverkefnið er lítið hús á Hólmavík rétt við fjöruborðið. Húsið hafði staðið autt í áratugi þegar þau féllu fyrir því.

Húsið var byggt sem gufubaðstofa árið 1954 af skátunum á Hólmavík og var starfrækt sem slíkt í einhverjum ári. Það var einnig veiðarfærageymsla um tíma en hafði staðið autt hátt í tuttugu ár þegar við keyptum það,“ segir Magnús Ólafsson en hann og eiginkona hans, Rut Bjarnadóttir, eyða sumarfríunum í að gera upp lítið hús rétt við fjöruborðið í Hólmavík.

Spurður hvernig þeim hafi dottið í hug að kaupa húsið, sem var ekki annað en steinkumbaldi úti í hafi, eins og hann lýsir því sjálfur, segir hann húsið einfaldlega hafa heillað þau.

„Við sáum fyrir okkur hvað það gæti orðið skemmtilegt og fannst spennandi verkefni að gera það upp. Æðurin sólar sig á klettunum í kring og bara þrjár metrar niður að sjó. Við gerðum okkur þó fulla grein fyrir því að þetta yrði margra ára vinna og mikil en við erum á Íslandi einn mánuð á ári. Svo kostar þetta auðvitað sitt og við erum engir milljóna-mæringar,“ segir Magnús hlæjandi.

Húsið keyptu þau árið 2009 og byrjuðu á að rífa innan úr því torfeinangrun og brjóta niður innveggi. Þá byggðu Magnús og Rut aðra hæð ofan á húsið svo það er 70 fermetrar í dag. Húsið er nánast tilbúið að utan en öll vinna innanhúss er eftir.

„Við gerum allt sjálf en ég er smíður og veit hvað ég er að gera. Bræður mínir hafa hjálpað okkur mikið og fjölskyldan,“ segir Magnús. „Rut er frá Hólmavík og við fáum að gista hjá bróður hennar, Gunnlaugi Bjarnasyni, og konu hans, sr. Sigríði Ólafsdóttur, við smíðarnar. Annars væri þetta ekki hægt.“

En hvenær áætla þau verklok?

„Við höfum enga áætlun um það,“ segir Magnús hlæjandi.



Framkvæmdum utanhúss er að ljúka og þá tekur innvinnan við. Magnús segir þau hafa vitað að verkið tæki þau mörg ár.



Til liðs við náttúruna





vottaðar

PROMENS DALVIK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI: 460 5000 • FAX: 460 5001 • sales.dalvik@promens.com

Náttúran kallar

á bestu lausnirnar í umhverfismálum

Þriggja hólfa rotþrær fyrir sumarhús og heimili.

CE-vottaðar samkvæmt staðli:

ÍST EN 12566-1:2000/A1:2003.

Fylgja einnig séríslenskum kröfum um uppbyggingu rotþróa.

Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

Promens ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á rotþróum.


PROMENS
 www.promens.is



VINNUREGLUR VIÐ GRILLIÐ

Þegar gist er í sumarbústað er gaman að gera vel við sig í mat og drykk. Oft er steik skellt á grillið og útkoman verður yfirleitt fín en gott er þó að hafa ákveðin öryggisatriði í huga þegar grillað er.

Nauðsynlegt er að hafa slökkvi-tæki við höndina. Mikilvægt er að engin eldhætta sé af grillinu þegar steikingu er lokið þannig að einhver einn ætti að sjá til þess að svo sé.

Það skiptir miklu hvar grillið er staðsett. Grill ætti að vera þar sem ekki er mikill umgangur og gæta þarf sérstaklega að börnum og gæludýrum í kringum það. Rými í kringum grillið þarf að vera gott til að draga úr hættu á bruna. Varast skal að staðsetja útigrill við húsveggi og að sjálfsögðu aldrei innandyra. Gas-kútur má ekki standa undir grilli og aukagaskút á aldrei að geyma innanhúss.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
 Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
 Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
 Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
 Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
 Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð
 Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500



Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali



Melgerði 39 - 39,9m Opið hús mánud. 23. júní kl. 17:00-17:30
Brúnastaðir 12 - 48,9m Opið hús þriðjud. 24. júní kl. 17:00-17:30



- 5 herb. hæð, 125,4fm íbúð+ 21,2fm bílskúr
- Óskr. ca. 10 fm geymsla, samt. því 156,6 fm
- Yfirbyggðar svalir
- Þvottahús innan hæðar
- Endurnýjað eldhús
- Einstaklega vel við haldinn eign
- LAUS VIÐ KAUPSAMNING

- Raðhús, alls 166,1 fm
- Bílskúr 36 fm, innangengur
- 3 rúmgóð svefnherbergi
- Stór suður verönd
- Raðhús á einni hæð
- SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN

elin@fasteignasalan.is

Sími: 695 8905

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Fjölskylduhús í Hafnarfirði

Fasteignasalan BÆR og Auður Kristinsdóttir kynna: Stórt fjölskylduhús með stórum bílskúr við Hringbraut í Hafnarfirði með fallegu útsýni yfir höfnina.



Fallegt hús við Hringbraut í Hafnarfirði. Tvær íbúðir eru í húsinu.

Tvær íbúðir eru í húsinu. Mið- og efsta hæð eru samtals 224 fm, 3-4 stofur, 3-4 svefnherbergi, baðherbergi og snyrting. Íbúð á neðstu hæð er 4 herbergja, 97 fm. Anddyri á aðalíbúð er hjart með góðu fatahengi, snyrting þar inn af. Hol tengir saman vistarverur hæðarinnar og stiga á efri hæð. Stór stofa með arni og borðstofa, sólstofa og stórar svalir sem eru með góðu útsýni yfir höfnina. Góð innrétting er í eldhúsi sem hefur verið endurnýjað að hluta, góður borðkrúkur.

Á efstu hæð eru þrjú svefnherbergi. Hjónaherbergi með góðum fataskápum og suðursvalir. Baðherbergi er flísalagt með innréttingu.

Íbúð á neðstu hæð er með sérinnangi. Eldhús, stofa, borðstofa. Lítið sjónvarpshol, hjóna- og barnaherbergi. Gott baðherbergi. Þvottahús er með gólfhlísum og skápum. Margt hefur verið endurnýjað, meðal annars lagnir. Mjög stór frístandandi bílskúr. Samtals er eignin 412 fm. Allar upplýsingar veitir Auður, löggiltur fasteignasali, s: 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is.



Fasteignasala Mosfellsbæjar
 Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is
 KJARNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

Gerplustræti 25-27 - 270 Mosfellsbær

Allt að 90% fjármögnun



Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 25-27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flísum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Stærðir frá 129 til 152 fm. Verð frá. 35,5 m.

Nýjar íbúðir Lausar strax

Klapparhlíð 26, íbúð 204 - 270 Mosfellsbær



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00. Mjög falleg 99,0 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 2ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 26, íbúð merkt 02-04, í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu. V. 32,5 m.

Prastarhöfði 6, íbúð 305 - 270 Mosfellsbær



